

Ed.

164. Tillaga

til þingsályktunar um heimild fyrir landsstjórnina til að greiða fje úr rikissjóði til dýrtíðaruppbóta og fleira.

(Eftir síðari umr. í Nd.)

Alþingi ályktar að heimila landsstjórninni að greiða úr rikissjóði þessar fjárhæðir:

1. 5400 kr. til launauppbótar handa væntanlegum sendiherra i Kaupmannahöfn.
2. 20000 kr. til þess að launa íslenskan ræðismann á Ítalíu eða Spáni, ef á þarf að halda.
3. Dýrtíðaruppbót til Jóhanns Fr. Kristjánssonar af fjárlagalaunum hans, samkvæmt 33. gr. launalaganna.
4. Alt að 25000 kr. til dýrtíðaruppbóta handa starfsmönnum Búnaðarfelags Íslands og Búnaðarsambandanna. Skal upphæð þessari skift þannig, að laun og dýrtíðarbætur starfsmannanna verði í samræmi við sambærileg launaákvæði launalaganna.
5. 11000 kr. viðbótarstyrk 1920—1921 til vjelbátaferða um Ísafjarðardjúp.
6. Handa hverjum lækni, sem fullnuma verður á árinu, 1000 kr. til þess að sækja fæðingarstofnun erlendis.
7. Að greiða barnakennurum launaviðbót eftir þjónustualdri, eftir þeirri reglu:
 - a. að þjónustualdur sje talinn byrja þegar kennarinn var fastráðinn við skóla, án tillits til þess, hvort hann hefir verið ráðinn með ákveðnu árskaupi eða eigi,
 - b. að þegar kennari flyst frá einum launaflokki til annars, fái hann launabætur kennara þess flokks, er hann flyst til, og sje þjónustualdurinn talinn byrja, er hann var fyrst ráðinn kennari, hvort sem hann hefir verið farskólakennari, kennari við barnaskóla utan kaupstaða, barnaskóla í kaupstað, forstöðumaður skóla eða kennari.
8. 80 þús. kr. til styrktar bátaferðum á flóum og fjörðum kring um land.